

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2025

2025/EES/46/20

frá 8. maí 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2441 frá 31. október 2023 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar innihald og snið loftslagshlutleysisáætlana sem þörf er á vegna úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21alw (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1879) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21alx. **32023 R 2441**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2441 frá 31. október 2023 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar innihald og snið loftslagshlutleysisáætlana sem þörf er á vegna úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds (Stjtið. ESB L, 2023/2441, 3.11.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2441, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2441, 3.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2441/oj

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.